

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Veita sálum yðar hvíld

Öldungur Per G. Malm
af hinum Sjötíu

Í miðbæ Gautaborgar í Svíþjóð er breið gata með falleg tré beggja vegna. Dag einn sá ég að í stofni eins stóra trésins var hola, ég varð forvitinn og skoðaði holuna og sá að tréð var algjörlega holt að innan. Það var holt en ekki tóm! Það var uppfullt af alls kyns rusli.

Ég varð hissa yfir því að tréð gæti enn staðið. Því leit ég upp og sá að breitt stálbelti var fest utan um efri hluta stofnsins. Þó nokkrir stálvírur voru festir við stálbeltið og var hinn endinn á þessum vírum festur við nálægar byggingar. Í fjarska leit þetta tré út eins og önnur tré. Einungis þegar horft var inn í tréð var hægt að greina að það var holt í stað þess að hafa gegnheilan og sterkan stofn. Mörgum árum áður hafði eitthvað gerst sem olli því að stofninn veiktist, örlítið hér og örlítið þar. Þetta gerðist ekki á einni nóttu. En rétt eins og ungt tré vex smám saman og verður að sterkbyggðu tré, þannig getum við vaxið smám saman að getu, orðið gegnheil og fyllt innan frá og út, öfugt við hola tréð.

Það er með læknanandi mætti friðþægingar Jesú Krists sem við getum öðlast styrk til að standa upprétt og sterk og fyllt sálir okkar – af ljósi, skilningi, gleði og kærleika. Hann býður „öllum sem einum að koma til sín og verða gæsku sinnar aðnjótandi. Hann neitar engum að koma til sín“ (2 Ne 26:33). Loforð hans er: „Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þér munuð finna hvíld sálum yðar“ (Matt 11:28–29).

Joseph F. Smith forseti sagði um hvíld þessa: „Fyrir mér merkir þetta að öðlast þekkingu og elsku á Guði, eiga þá trú á tilgang hans og áætlun að við vitum að við höfum á réttu að standa og erum ekki að leita að einhverju öðru. Við hrekjumst ekki af hverjum kenningarvindi né slóttugum klækjum mannanna, sem þeir bíða eftir að beita. Við vitum að kenningarnar koma frá Guði og við spyrjum engan neinnar spurningar um þær. Fólki er velkomið að hafa eigið skoðanir, hugmyndir og hugaróra. Sá maður sem þróað hefur slíka trú á Guð að öllum efa og hræðslu er varpað burt, hann hefur gengið inn til ‚hvíldar Guðs‘“ (Teachings of the Presidents of the Church: Joseph F. Smith [1998], 56).

Að finna hvíld sálum sínum felur í sér hugarró og frið í hjarta, sem er árangur þess að læra um kenningar Krists og fylgja þeim, og verða útréttir armar Krists í þjónustu og aðstoð við aðra. Þegar við höfum trú á Jesú Krist og fylgjum kenningum hans öðlumst við von, og slík von verður sálum okkar sem traust akkeri. Við getum orðið stöðug og óhagganleg. Við getum öðlast varanlegan innri frið; við getum gengið inn til hvíldar Drottins. Ef við snúum okkur frá ljósinu og sannleikanum, þá mun hol tilfinning tómsins, eins og með tréð, fylla innstu sálarkima okkar, og við gætum jafnvel reynt að fylla það tómarúm með því sem ekki hefur varanlegt gildi.

Þetta líf er í raun sem örstutt andartak í samaburði við tilveru okkar sem andabörn áður en við komum til jarðar og ódauðleika okkar í komanda lífi.

Það er hins vegar reynsludagur, en verður einnig dagur tækifæra þegar við veljum að taka boðinu um að sóa ekki reynsludögum okkar (sjá 2 Ne 9:27). Hugsanirnar sem við dveljum við í huga okkar, tilfinningarnar sem við hlúum að í hjörtum okkar og verkin sem við veljum að framkvæma – allt hefur þetta áhrif bæði á líf okkar hér og í komandi heimi.

Það er gagnlegur vani að lyfta sýn okkar daglega til að öðlast eilífa sýn yfir það sem við áformum og gerum, sér í lagi ef við finnum fyrir þeirri tilhneigingu að fresta til morguns því sem við vitum að við ættum að gera í dag.

Á ferð okkar veita áhrif andans okkur hjálp í daglegu vali okkar. Ef við veljum að breyta gegn ljósinu og skilningi okkar, þá munum við upplifa slæma samvisku, sem er auðvitað ekki góð tilfinning. En slæm samviska er blessun á þann hátt, að við fáum samstundis áminningu um að iðrast. Þegar við erum auðmjúk og þráum að gera það sem er rétt, þá munum við kappkosta að breyta háttum okkar tafarlaust, en þeir sem hrokafullir eru leitast við að „setja sér sitt eigið lögmál“ (K&S 88:35) og munu leyfa Satan að „teyma [sig] í hálsbandi úr reyr, þar til hann fjötrar þá að eilífu fasta í órjúfanlega hlekki sína“ (2 Ne 26:22), nema að andi iðrunar taki sér bólstað í hjarta þeirra. Að eltast við slæm áhrif færir engum frið, einfaldlega vegna þess að friður er gjöf frá Guði og kemur einungis með anda Guðs. „Aldrei hefur hamingjan falist í ranglæti“ (Alma 41:10).

Það eru oft hið smáa og einfalda í daglega lífi okkar sem hefur varanleg áhrif (sjá Alma 37:6–7). Það sem við segjum, það sem við gerum og hvernig við veljum að bregðast við, mun ekki einungis hafa áhrif á okkur sjálf heldur einnig á þá sem í kringum okkur eru. Við getum byggt upp, eða rífið niður. Einfalt og jákvætt dæmi er ein saga sögð um ömmu mína. Hún sendi eitt af ungum börnum sínum að kaupa egg. Barnið, sem treyst var fyrir verkefninu, gekk sjálfsagt glaðlega veginn heim, en flest eggín voru brotin þegar heim var komið. Vinur fjölskyldunnar, sem viðstaddur var, hvatti ömmu mína til að skamma barnið fyrir að haga sér svona illa. Í staðinn sagði amma rólega og viturlega: „Nei, eggín munu ekki lagast við það. Við munum einfaldlega nota það sem við getum og baka pönnukökur sem við getum notið saman.“ Þegar við lærum að höndla hið smáa og einfalda dag hvern á skynsamlegan og innblásinn hátt, þá hefur það jákvæð áhrif sem munu treysta samhug í sálum okkar, byggja okkur upp og styrkja þá sem með okkur eru. Það gerist vegna þess að allt sem býður okkur að gera gott er „er sent fyrir kraft og gjöf Krists. Þannig get[um við] vitað með fullkominni vissu, að það er frá Guði“ (Moró 7:16).

Hola tréð sem ég sagði ykkur frá er ekki lengur uppistandandi. Einhverjir unglingar settu flugelda inn í það sem olli því að eldur kviknaði í trénu. Því varð ekki bjargað og því var það fjarlæggt. Gætið ykkur á því sem mun eyðileggja innan frá, hvort heldur það er lítið eða stórt! Slíkt getur haft sprengiáhrif og valdið andlegum dauða.

Einbeitum okkur þess í stað að því sem veita mun varanlegan frið í huga og hjarta. „Þá mun traust [okkar] vaxa og styrkjast í návist Guðs“ (K&S 121:45). Loforðið um að ganga inn til hvíldar Drottins, að meðtaka gjöf friðar, er langt frá því að vera skammvinn og veraldleg ánægja. Það er sannarlega himnesk gjöf: „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist“ (Jóh 14:27). Hann hefur kraftinn til að lækna og styrkja sálina. Hann er Jesús Kristur, um hann ber ég vitni, í nafni Jesú Krists, amen.